

Mánudaginn 1. september.

Nr. 1/1912.

Jón Felixsson

gegn

Páli Guðmundssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í héraði Einar prófessor Arnórsson gegn stefnda Páli Guðmundssyni bónda á Melum í Melasveit til greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs fyrir nefnda jörð, kr. 440,00, en kröfu þessa hefir Einar Arnórsson fengið sér framselda til eignar af Jóni Felixsyni, sem seldi stefnda jörðina. Var málið dæmt í gestarétti Reykjavíkur 18. júlí 1911, og urðu úrslitin þau, að stefndi var sýknaður af kröfum sækjanda, og sækjandi dæmdur til að greiða honum 15 krónur í málskostnað. Jón Felixson, sem aftur fekk sér kröfuna framselda af Einari Arnórssyni 17. jan. f. á., hefir nú, að fenginni gjafsókn og skipuðum málafærslumanni, með stefnu, dags. s. d., skotið téðum dómi til yfirdómsins og krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 440 kr., sem hann þó hafi fært niður í 415 krónur á síðara stigi málsins, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, svo og málskostnað fyrir gestaréttinum og yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

En stefndi krefst þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Með afsalsbréfi dags. 30. apríl 1908 seldi áfrýjandi stefnda jörðina Mela í Borgarfirði fyrir 7000 kr. Af þessu kaupverði inti stefndi af hendi 5800 kr., að nokkru leyti með því að taka að sér skuldir er lúkast áttu af hinni

seldu eign og að nokkru leyti með peningagreiðslu til áfryjanda, en um eftirstöðvarnar, 1200 kr., segir í afsalsbréfinu, að stefndi hafi gefið út skuldabréf fyrir þeim. Þrátt fyrir þessi ummæli hefir áfryjandi haldið því fram, að stefndi hafi aldrei gefið út skuldabréf fyrir greindum 1200 kr.; hann hafi lofað að gera það, og hafi áfryjandi afhent honum afsalsbréfið þannig orðað í trausti til drengskapar hans og áreiðanleika, að efna þetta loforð, sem þó hafi brugðist, og telur áfryjandi enn ógreiddar 415 kr. af skuld þessari. Fyrir undirréttinum hélt stefndi sér við það, að hann hefði gefið út skuldabréf, eins og sagt er í afsalsbréfinu, og skoraði á sækjanda að leggja það fram, og jafnframt hélt hann því fram, að hann hefði greitt sækjanda það, sem honum bæri, og stæði ekki í neinni skuld við hann, hvorki út af kaupum á Melunum né öðru. Og með því sækjandi gat ekki komið fram með skuldabréfið, voru mótmæli stefnda tekin til greina og málið dæmt sem fyr segir. Eftir að sá dómur var fallinn, stefndi áfryjandi til ógildingardóms á skuldabréfinu, en því máli var vísað frá dómi af þeirri ástæðu, að ekki yrði ónýtt með dómi skuldabréf, sem ekki hefði verið til. En í þessu máli lagði stefndi fram skjal, sem nefndi sig tryggingarbréf og hann tjáði vera skuldabréf það, er afsalsbréfið getur um. Bréf þetta er þó dagsett 6. maí 1908, eða 6 dögum eftir afsalsbréfið, og hljóðar að eins um 1000 kr., er borgast skyldu á þann hátt, að stefndi kæmi upp íbúðarhúsi handa áfryjanda og skuldin drægist frá húsverðinu, en vildi áfryjandi eigi taka húsið, skyldi hálf skuldin borgast í peningum, en hinn helmingurinn, 500 kr., falla niður. Virðist stefndi byggja það á þessu skjali, að hann sé skuldlaus við áfryjanda út af jarðar kaupunum.

En áfrýjandi kannast alls ekki við þetta tryggingarbréf, sem að eins er undirskrifað af stefnda, og tjáist aldrei hafa fengið það í hendur eða tekið það gilt í stað skulda-
bréfs slíks, er getur um í afsalsbréfinu.

Af því sem nú hefir verið sagt, verður að telja það fullljóst, að stefndi hafi eigi, þótt svo standi í afsalsbréfinu, gefið út neitt skuldabréf fyrir þargreindum 1200 kr., og það er enn fremur viðurkennt af stefnda, að áfrýjandi hafi eigi tekið á móti eða samþykkt tryggingarbréfið 6. maí 1908; kemur þetta skjal því eigi heldur til álita og getur eigi réttlætt undanfærslu stefnda að standa skil á því, er hann kann að eiga ógreitt af jarðarverðinu. Samkvæmt kvittun áfrýjanda, dags. 9. des. 1910, hefir stefndi greitt honum 525 kr. af 1000 kr., sem þá stóðu eftir af skuldinni, og auk þess hefir stefndi, samkvæmt viðurkenningu Einars prófessors Arnórssonar, greitt honum 60 kr. upp í hana. Eftir því eru enn ógreiddar 415 kr. af skuldinni, og með því að stefndi hefir eigi sannað, að hann hafi greitt áfrýjanda þessar eftirstöðvar, verður að dæma hann samkvæmt kröfu áfrýjanda til að greiða honum nefndar 415 kr. með 5% ársvöxtum frá 9. maí 1911 til greiðsludags.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir undirrætti og yfirdómi og ákveðst hann 40 krónur.

Skipuðum málfærslumanni áfrýjanda, sem hefir flutt málið forsvaranlega, ber í málfærslulaun 25 krónur, er greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Páll Guðmundsson greiði áfrýjanda Jóni Felixsyni 415 krónur með 5⁰/₁₀₀ ársvöxtum frá 9. maí 1911 til greiðsludags og 40 krónur í málskostnað. Skipuðum málfærslumanni áfrýjanda, Gísla Sveinssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, ber í málfutningslaun 25 kr., er greiðist af almannafé.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 24/1913.

Einar M. Jónasson
gegn

Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni bankastjórum f. h. Landsbankans, Birni Bjarnarsyni sýslumanni, Páli Ólafssyni og Benediktu G. H. Benediktsdóttur.

Dómur:

Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður hefir með stefnu, dags. 21. apríl þ. á, skotið til yfirdómsins uppboðsgerð, er fram fór í Búðardal í Dalasýslu 16. ágúst 1909 samkvæmt kröfu hinna stefndu bankastjóra fyrir hönd Landsbankans á húsi í Búðardal, eign Benediktu G. H. Benediktsdóttur, til lúkningar 2800 kr. skuld til veð-